Arnarlax ehf.
Strandgötu 1
465 - Bíldudalur

Skoðunarskýrsla #6045
Eftirfylgniskoðun
FE-1105_ARN-00005

Eftirlit framkvæmt 22/10/2026 og skýrsla send 22/10/2026
Tjaldaneseyrar

Samantekt

Eftirlitsmaður Matvælastofnunar, Magnús Ingi Jónsson, framkvæmdi eftirfylgnieftirlit þann 22. október 2026 vegna frávika í eftirlitsskýrslu stofnunarinnar dags. 15. apríl 2026.

Í fyrrnefndri eftirlitsskýrslu voru tvö frávik er vörðuðu búningsaðstöðu og fatnað annarsvegar og þrif um borð í pramma hinsvegar.

Óskað var eftir gögnum frá eftirlitsþega með tölvupósti. Gögn bárust og voru yfirfarin á skrifstofu.

Að eftirfylgnieftirliti loknu er ljóst að eftirlitsþegi hefur lagfært eitt frávik er varðaði búningsaðstöðu og fatnað.

Frávik	Úrbótafrestur
Dýravelferð- og smitvarnir - Búningsaðstaða og fatnaður	Lagfært
Dýravelferð- og smitvarnir - Þrif um borð í pramma	Næsta skoðun

Viðstödd heimsókn	Arnarlax ehf.	**Undirbúningur**	30 mín.
Kennitala viðtakenda	580310-0600	**Frágangur**	30 mín.
Skoðunarmaður	Magnús Ingi Jónsson	**Tímar við úttekt**	1 klst.
Tölvupóstur	mast@mast.is	**Akstur**	0 klst.

Skoðunarskýrsla

Lagfært

Dýravelferð- og smitvarnir
Búningsaðstaða og fatnaður

Skráning í eftirlitsskýrslu dags. 15. apríl 2026:

Starfsmenn Matvælastofnunar óskuðu eftir því að fá að sjá þrifaskráningu á búningsaðstöðu til þess að geta staðfest að þrifaáætlun sé fylgt eftir. Gögn bárust ekki fyrir útgáfu skýrslunnar þrátt fyrir ítrekun þess efnis og þessvegna skráist frávik á þennan þátt.

Skráning í eftirfylgnieftirliti:

Í eftirfylgnieftirliti kallaði eftirlitsmaður Matvælastofnunar eftir gögnum um þrifaskráningar á búningaaðstöðu. Matvælastofnun telur gögnin fullnægjandi og úrbótum því lokið á þessu fráviki.

Lög um fiskeldi nr. 71/2008, lög um velferð dýra nr. 55/2013 og afleiddar reglugerðir.

Frávik

Dýravelferð- og smitvarnir
Þrif um borð í pramma

Frestur til úrbóta: Næsta skoðun

Skráning í eftirlitskýrslu dags. 15. apríl 2026:

Starfsmenn Matvælastofnunar óskuðu eftir því að fá að sjá bæði þrifaáætlun og þrifaskráningu um borð í pramma til þess að geta staðfest að þrifaáætlun sé fylgt eftir. Um borð í pramma hékk uppi á vegg skjal með heitinu "Daglegt eftirlit og umhirða um borð í fóðurpramma" en það skjal telst ekki sem þrifaáætlun sem slík. Þar kemur einnig fram að skrá skuli niður á skráningarblöð og kvitta fyrir. Gögn um þrifaskráningu bárust ekki fyrir útgáfu skýrslunnar þrátt fyrir ítrekun þess efnis og þess vegna skráist frávik á þennan þátt.

Skráning í eftirfylgnieftirliti:

Í eftirfylgnieftirliti kallaði eftirlitsmaður Matvælastofnunar eftir verklagi um þrif um borð í pramma sem og staðfestingum á þrifum um borð í prammanum frá síðasta eftirliti.

Verklag um þrif um borð í pramma barst ekki.

Matvælastofnun barst exelskjal sem ber heitið Vinnudagbók Tjaldanes 2026. Í því er má sjá að þrif voru framkvæmd einu sinni á pramma (klósett, eldhús og vélarrými) í mars 2026, en annars virðist vera um að ræða vinnudagbók fyrir þjónustubátinn Ödda. Matvælastofnun telur framangreint skjal ekki fullnægjandi skráning á þrifum um borð í pramma.

Við eftirfylgni var enginn fiskur á eldissvæðinu. Af þeim sökum var ekki unnt að sannreyna við eftirlitið hvort skráning þrifa á pramma væri nú framkvæmd. Í ljósi þessa mun frávikið standa áfram og verður það skoðað í næsta reglubundna eftirliti Matvælastofnunar á eldissvæðinu.

Lög um fiskeldi nr. 71/2008, lög um velferð dýra nr. 55/2013 og afleiddar reglugerðir.

Niðurlag

Þann 22/10/2026 fór fram eftirfylgniskoðun og var skýrsla send viðtakanda 22/10/2026. Gerðar eru kröfur um úrbætur á 1 skoðunaratriði, þar af 0 alvarlegt frávik og 1 frávik. Nema annað sé tekið fram þá er veittur frestur til næstu reglubundinnar skoðunar samkvæmt áhættumati. Úrbótum skal lokið eins fljótt og auðið er.

Nánari útlistun á skoðunaratriðum má finna í **eftirlitshandbókum** Matvælastofnunar.

Athugið að þessi skýrsla tekur til þeirra atriða sem tekið var eftir þann dag sem eftirlitið fór fram sem og fyrirliggjandi gagna úr öðru opinberu eftirliti. Veittur 14 daga frestur frá dagsetningu þessarar skýrslu til að koma á framfæri athugasemdum við innihald hennar. Athugasemdir berist skriflega sem bréf til Matvælastofnunar Austurvegi 64, 800 Selfossi eða með tölvupósti á mast@mast.is.

Um gjaldtöku fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar s.s. útgáfu leyfa, vottorða, skráningar o.fl. fer skv. gjaldskrá nr. 392/2024. Krafa birtist í netbanka og reikningur er birtur á Ísland.is.

Lagagrunnur eftirlits

Eftirfarandi atriði voru skoðuð:

Dýravelferð- og smitvarnir - Búningsaðstaða og fatnaður

Dýravelferð- og smitvarnir - Þrif um borð í pramma